

2008-1 Bréf til hluthafa

Hjalteyri 20. maí 2008

Kæri hluthafi,

Með bréfi þessu viljum við koma á framfæri ýmsum upplýsingum um stöðu mála hjá Fiskey hf. Hér á eftir verður gerð grein fyrir eftirfarandi málum:

- 1. REKSTRARAFKOMA ÁRSINS 2007**
- 2. SEIÐAFRAMLEIÐSLAN 2007:**
- 3. UPPBYGGING KLAKFISKAÐSTÖÐU Á HJALTEYRI.**
- 4. HORFUR Í REKSTRI 2008-2009.**
- 5. FJÁRMÖGNUN 2008**
- 6. AÐALFUNDUR 2008**

1. Rekstrarafkoma ársins 2007

1.1 Inngangur

Félagið var rekið með um 84 milljóna króna tapi á árinu 2007. Tap fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var 46 milljónir. Tekjur félagsins voru tæpar 87 milljónir króna og er það mikil lækkun frá 2007 og langt undir þeim væntingum sem voru í upphafi árs 2007. Seiðaframleiðslan gekk ekki vel á árinu og aðeins voru framleidd tæplega 300 þúsund seiði en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að framleidd yrðu um 600 þúsund seiði. Þar að auki var seiðaverð lágt. Rekstrarkostnaður lækkar einnig verulega milli ára og skýrist það af minni framleiðslu og einnig því að umsvif í Þorlákshöfn drógust verulega saman.

Seiðaframleiðslan gekk, eins og áður sagði ekki vel, og er það að stærstum hluta vegna lélegra hrognagæða. Í tveimur af þremur hrygningarhópum voru hrogn takmarkandi í framleiðslunni.

Samningur um sölu á seiðum til Nordic Seafarms ASA hefur verið félaginu óhagstæður. Viðræður áttu sér stað við þessa aðila á árinu um upptöku þessa samnings með það að markmiði að ná fram hærra seiðaverði. Ekki tókst að ná fram breytingu á seiðaverði fyrir árið 2007 en fyrir árið 2008 náðist fram um 40% hækkun á seiðaverði sem kemur sem aukagreiðsla 6 mánuðum eftir afhendingu.

Í framhaldi af þessum viðræðum var gerður nýr sölusamningur til 6 ára við Halibut AS, sem er dótturfélag Nordic Seafarms ASA, sem tekur gildi árið 2009 og skilar hann enn hærri verðum en fyrir árið 2008. Einnig var gerður 6 ára sölusamningur við AGA Halibut AS sem er þriðja stærsta lúðueldisfyrirtækið í Noregi. Með þessum samningum er sala á seiðum svo gott sem tryggð til ársins 2015.

1.2 Lykiltölur úr rekstri félagsins 2007

Hér að neðan eru helstu lykiltölur úr rekstri félagsins árið 2007 samanborið við árið 2006. (Fjárhæðir í milljónum króna).

Rekstrarreikningur	2007	2006
Sölutekjur	72,0	207,8
Kostnaðarverðr sölu	136,5	193,1
Vergur hagnaður (tap)	(64,5)	14,8
Aðrar tekjur	14,5	9,0
Útflutningskostnaður	7,7	13,7
Annar rekstrarkostnaður	18,8	29,7
Rekstrartap	76,4	19,6
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7,6	51,8
Tap tímabilsins	84,0	71,4

Samkvæmt rekstrarreikningi námu sölutekjur félagsins á árinu 72 millj. kr og heildartap félagsins 84 millj. kr. á árinu 2007. Árið áður voru rekstrartekjur tæpar 208 millj. kr. og heildartap rúmar 71 millj. kr.

Efnahagsreikningur	31.12.2007	31.12.2006
Fastafjármunir	198,8	226,6
Veltufjármunir	51,0	110,9
Eignir samtals	249,8	337,6
Eigið fé	52,8	136,8
Langtímaskuldir	185,5	176,9
Eigið fé og skuldir	249,8	337,6
Eiginfjárlutfall	21%	41%
Veltufjárlutfall	4,43	4,65

Eignir félagsins námu 249,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af eru veltufjármunir 51 millj. kr. Skuldir félagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 197 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 11,5 millj. kr. Veltufjárlutfallið er 4,43 í árslok, en var 4,65 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 52,8 millj. kr. í árslok sem er 21% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 41%.

Sjóðstreymi	2007	2008
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(42,1)	29,1
Fjárfestingahreyfingar	9,0	(7,3)
Fjármögnunarhreyfingar	0,0	13,2
Breyting á handbæru fé	(33,1)	35,0
Handbært fé í lok tímabilsins	6,3	39,4

Handbært fé til rekstrar nam 42,1 millj. kr. á árinu 2007 en var 29,1 millj. kr. frá rekstri árið áður. Fjárfestingarhreyfingar voru jákvæðar um 9 millj. kr. og skýrist það af 12 m.kr. greiðslu, frá North Salmon í Færeyjum, skv. samningi frá árinu 2005 um matfiskeldi á lúðu í Færeyjum. Fjármögnunarhreyfingar voru engar á árinu. Lækkun á handbæru fé nam á árinu 33,1 millj. kr. og var handbært fé í árslok 6,3 millj. kr.


2. Seiðaframleiðslan 2007

Alls voru kreistir 854 lítrar af hrognum á árinu 2007 en það er 218 lítrum meira en árið á undan og það allra mesta sem komið hefur inn af hrognum á einu ári. Hins vegar er frjóvgunarprósenta og afkoma af frjóvguðum hrognum afar slök í öllum hópum og það endurspeglar þá staðreind að gæðum hrognanna hefur hrakað. Tafla 1 sýnir yfirlit yfir hrygningu 2007.

Tafla 1: Hrygning 2007

	Magn kreist (L)	Frjóvgun (%)	Afkoma af frjóvguðum hrognum (%)	Flutt í síló (L)
Seinkaður hópur 2007-1	147,3	42,1	35	24
Flýttur hópur 2007-2	449,3	39	47,3	81,9
Normal hópur 2007-3	257,3	36	40	36,2
	853,9	39	41	142,1

Frjóvgunarprósentan hefur lækkað smátt og smátt á undanförunum árum. Líklega endurspeglar þessi þróun bæði aðbúnað fiskanna á Dalvík og umskiptin í klakfiskastofninum úr villtum fiski yfir í eldisklakfisk. Hrygnur verða ekki kynþroska fyrir en um 8-10 ára aldur og fyrstu 2 hrygningarnar gefa þær hrogn sem ekki eru söm að gæðum og hjá fiski sem hrygnt hefur oft. Ungar hrygnur sleppa einnig oft úr einu ári í hrygningu eftir að þær verða kynþroska og því má segja að hrygna verði ekki góður klakfiskur fyrir en eftir 12 ára aldur.



Mynd 1: Frjóvgunarprósenta í hópunum frá árinu 2000 – 2008

Afkoman úr sílönunum hefur farið heldur batnandi undanfarin ár og er nú nálægt 40%. Einnig hefur hlutfall vanskapaðra lirfa (s.k. gapara) farið lækkandi.

Ef skoðaðar eru lykiltölur úr framleiðslunni á árinu kemur í ljós að árangurinn er bestur í hóp 2007-1 (sumarhrygning) ef lítið er til lifunarhlutfalls frá nýtanlegum hrognum. Hins vegar var árangurinn verstur í hóp 2007-2 (vetrarhrygning). Þar voru mikil afföll á lirlustigi og einnig gekk illa að venja seiðin á þurrfóður (weaning). Í hópi 2007-3 (vorhrygning) voru einnig óeðlilega mikil afföll á lirlustigi og í weaning.

Tafla 2 : Lykiltölur úr framleiðslunni 2007

	Áætlaður fjöldi lirfa í startfóðrun (þús)	Fjöldi í weaning (þús)	Fjöldi seiða (þús)	Nýting (fjöldi seiða/L í síló)
2007-1	280	136	110	4600
2007-2	950	206	95	1150
2007-3	500	189	85	2400
	1.730	531	290	2050

Alls voru seld um 336 þúsund seiði á árinu 2007. Flest seiði voru seld til Halibut AS sem er dótturfélag Nordic Seafarms ASA í Noregi. Einnig voru seld seiði til Skotlands og Silfurstjörnunnar sbr. töfluna hér að neðan.

Kaupandi	fjöldi seiða (þús)
Halibut AS (Noregur)	270
Otter Ferry (Skotland)	33
Silfurstjarnan	33
Samtals	336

Árið 2007 er það lakasta hjá Fiskey síðan 2000. Kynslóðaskiptin hjá klakfiskinum og slæmar aðstæður í Dalvíkurstöðinni hafa haft mjög neikvæð áhrif á hrognamagn og

hrognagæði og þegar efniviðurinn er lélegur er erfitt á ná árangri í framhaldinu. Það hefur því verið róið að því öllum árum að bæta sjógæði og aðstæður hjá klakfiskinum. Töluverð framför hefur orðið þegar horft er eingöngu á hrognamagn, sem hefur aldrei verið meira en á árinu 2007.

3. Uppbygging klakfiskaaðstöðu á Hjalteyri.

Til að bregðast við slakri hrognaframleiðslu eru uppi áætlanir um að flytja klakfiskinn frá Dalvík í nýja aðstöðu á Hjalteyri. Með því væntum við þess að hrognaframleiðslan batni á næstu árum. Jafnframt verður komið upp aðstöðu fyrir úrvalsfisk á Hjalteyri. Úrvalsfiskur er sá fiskur sem er valinn sérstaklega úr eldinu til undaneldis (fram tíðar klakfiskur). Úrvalsfiskur félagsins er nú í eldisstöð félagsins í Þorlákshöfn en eftir flutning til Hjalteyrar verður hægt að loka stöðinni að fullu, sem lækkar rekstrarkostnað félagsins um nálægt 10 m.kr. á ári. Í framtíðinni verða valdir úrvalsfiskar í Silfurstjónunni, en þar eru alin lúðuseiði frá Fiskey upp í sláturstærð.

Mest aðkallandi verkefni Fiskeyjar á árinu 2008 verður að flytja sumarhrygningarhóp félagsins frá Dalvík til Hjalteyrar í nýja og stærri aðstöðu. Þessi hópur er mest takmarkandi í framleiðslunni. Hann er í of litlum kerjum á Dalvík og í honum eru fæstu klakfiskarnir. Með flutningi á sumarhópnum rýmkast mjög á fiskinum á Dalvík sem ætti að skila fullnægjandi árangri í að bæta aðstæður fyrir hina tvo klakfiskahópana. Við þetta bætist að það skapast tækifæri til að flytja úrvalsfisk frá Þorlákshöfn og hætta þar með alveg starfsemi þar.

Hagkvæmisúttekt hefur leitt í ljós að það er ákjósanlegur kostur að nýta steypa tanka á Hjalteyri fyrir klakfisk annars vegar og úrvalsfisk hins vegar. Tankarnir eru 4 og er hver þeirra 18m að þvermáli og 250m² að flatarmáli. Framkvæmdin felur m.a. í sér að fjarlægja hluta af burðabitum sem halda uppi steypu þaki og setja burðabita úr stáli uppi við loft í staðinn. Með því móti skapast rými til að setja upp eldisker í heppilegum stærðum. Góðar aðstæður eru til sjóöflunnar á Hjalteyri, því þar er mjög aðdjúpt og auðvelt að ná í djúpsjó af góðum gæðum.

Stefnt er að því að flytja allan klakfisk til Hjalteyrar innan 4 ára en við það næst fram rekstrarhagræðing og lækkun á rekstrarkostnaði. Áætlað er að kostnaður við þessa framkvæmd nemi 40-50 m.kr. og þar af um 20 m.kr. á þessu ári.

4. Horfur í rekstri 2008-2009.

Upphafleg áætlun fyrir árið 2007 gerði ráð fyrir að framleidd yrðu um 600 þúsund lúðuseiði og að hagnaður yrði af rekstrinum. Niðurstaðan er allt önnur, framleiðsla seiða er aðeins rúm 300 þúsund og mikið tap er af rekstrinum. Aðal ástæða þessa slaka árangurs er skortur er á hrognum af góðum gæðum. Einnig er seiðaverð óhagstætt á árinu 2007.

Í meðfylgjandi rekstraráætlunum fyrir árin 2008 og 2009 sést að horfurnar eru góðar. Af fenginni reynslu gerum við nú ráð fyrir hóflegri aukningu í seiðaframleiðslunni með um 480 þúsund seiði framleidd á þessu ári og 520 þúsund á árinu 2009.

<i>þús. króna</i>	<i>Áætlun</i>	2008	2009
Rekstrartekjur:			
Sölutekjur		128.380	210.435
Aðrar tekjur		1.500	1.500
		129.880	211.935
Rekstrargjöld:			
		132.530	138.880
Birgðabreyting		33.222	-2.063
Fyrningar		-30.000	-30.000
Fjármagnsliðir		-15.600	-14.400
	EBITDA	30.572	73.055
	EBIT	572	40.992
Afkoma fyrir skatta:		-15.028	26.592

Í áætluninni gerum við ráð fyrir að tap verði af rekstrinum á árinu 2008 en að hagnaður verði á árinu 2009. Rekstrarskilyrði batna verulega á árinu 2008 og munar mestu að náðst hefur samkomulag við stærsta viðskiptamann okkar í Noregi um aukagreiðslur fyrir seiði 6 mánuði eftir afhendingu. Það gerir það að verkum að hluti af seiðum sem framleidd eru og seld á árinu 2008 koma til greiðslu á árinu 2009. Einnig hefur veiking íslensku krónunnar jákvæð áhrif á reksturinn. Nýjir samningar við tvo viðskiptamenn taka svo gildi fyrir árið 2009 til næstu 5 ára, en þá verða seiði seld á mun hærra verði en undanfarin ár.

5. Fjármögnun 2008

Ekki hefur tekist að afla lánsfjár til að fjármagna fyrsta áfanga í uppbyggingu nýrrar klakfiskaaðstöðu á Hjalteyri en sótt var m.a. um lán hjá Bygðastofnun í þetta verkefni.

Mánaðarskipt sjóðstreymisáætlun ársins 2008 gerir ráð fyrir að handbært fé verði neikvætt um nálægt 30 milljónir króna um mitt þetta ár. Viðskiptabanki okkar, Glitnir hf. hefur gefið vilyrði fyrir skammtímaláni að upphæð allt að 20 millj. krónur til að fjármagna rekstur félagsins.

Til að tryggja rekstur félagsins og fjármagna uppbyggingu á klakfiskaaðstöðu á Hjalteyri leggur stjórn félagsins til að hluthafar leggi félaginu til nýtt hlutafé allt að 50 millj. króna. Það er mat stjórnar félagsins að ef þátttaka í hlutafjárukningu verður undir 50% verði nauðsynlegt að færa hlutafé félagsins niður um sem nemur tapi síðustu tveggja ára. Tap síðustu tveggja ára nemur 155,4 milljónum eða 51.6% af núverandi hlutafé. Núverandi hlutafé er kr. 301.208.256 en verður þá kr. 145.818.974 ef ekki næst viðunandi þátttaka í hlutafjárukningu.

Hluthafar eru beðnir að tilkynna þátttöku sína í hlutafjárukningu með því að senda félaginu bréf, eða tölvupóst (fiskey@fiskey.is) fyrir 20. júní n.k.

6. Aðalfundur 2008

Aðalfundur félagsins hefur verið ákveðinn 29.maí n.k kl. 15:00 í fundarsal Brims hf. á Akureyri. Dagskrá fundarins verður þannig:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Tillaga þess efnis að stjórn félagsins verði heimilað að færa niður hlutafé félagsins um sem nemur tapi síðustu tveggja ára.
- Tillaga um heimild til kaupa á bréfum félagsins skv. 55. grein hlutafélagalaga nr. 2/1995
- Tillaga að hluthafar falli frá forkaupsrétti hlutafjár allt að 50 milljón krónur að nafnverði.
- Önnur mál löglega upp borin.

Virðingarfyllst,

fh. Fiskeyjar hf



Arnar Freyr Jónsson
Framkvæmdastjóri